

**Nd.**

### **396. Frumvarp til laga**

um útfarir.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir koma á fót stofnun, er annist útfarir og líkflutning. Í Reykjavík skal hún jafnframt annast líkkistusmiði, en í öðrum kaupstöðum ákveður bæjarstjórn, hvort stofnunin tekst þá starfsemi á hendur. Eftir að slík stofnun er tekin til starfa, mega aðrir aðilar ekki annast þau störf, er hún hefur með höndum, í hlutaðeigandi bæjarfélagi. Bæjarstjórn kveður nánar á um skipulag stofnunarinnar og stjórn hennar.

2. gr.

Stofnanir þær, sem um ræðir í 1. gr., skulu miða störf sín við það, að útfarir séu látlausar, en virðulegar, og láta skulu þær í té þjónustu sína við svo vægu verði sem kostur er.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Greinargerð.**

Skipulag það, sem er á útfararmálum hér á landi, veldur því, að útfarir eru dýrari en góðu hófi gegnir og skynsamleg ástæða er til. Í Reykjavík mun venjuleg útför kosta 2000—2500 kr., en geta kostað 3000 kr. og jafnvel meir. Ætti að vera hægt að skipa málum þessum þannig, að útfararkostnaðurinn yrði mun lægri, jafnvel þótt ekki yrði breytt um útfararsíði frá því, sem verið hefur, en einkum þó, ef leitast yrði við að gera útfarirnar nokkru látlausari, án þess þó að raskað væri rétti aðstandenda látinna manna til þess að ráða í meginatriðum tilhögun útfaranna. Í frv. þessu er bæjarstjórnnum í kaupstöðum lögð sú skylda á herðar að taka útfararmál bæjarfélagsins algerlega í sínar hendur. Í Reykjavík er gert ráð fyrir því, að bæjarstjórnin taki líkkistusmiðina einnig í sínar hendur, en bæjar-

stjórnnum utan Reykjavíkur er í sjálfsvald sett, hvort þær gera það eða ekki. Bæjarstjórnir fást nú við marga sýslu, sem er þeim fjarskyldari en að sjá um útfarir bæjarbúa, og má undarlegt heita, að ekkert bæjarfélag skuli hafa hafizt handa um slíkt af sjálfsdáðum. Fáum starfssviðum mun einkarekstur — hvað þá samkeppni — hæfa jafnilla og umsjón með útförum. Virðist það auðsætt verkefni fyrir opinbera aðila — og þá fyrst og fremst bæjaryfirvöld — að láta í té þjónustu þá, sem hér er um að ræða, og þá við svo vægu verði sem unnt er.

Kirkjugarðsstjórnin í Reykjavík hefur á undanförunum árum komið á fót miklu stórhýsi við Fossvog í námunda við kirkjugarðinn, sem þar er. Er svo til ætlazt, að þar verði stór kapella, líkgeymsla og líkbrennsla. Um leið og þessi þarfa stofnun tæki til starfa, væri mjög æskilegt, að útfararmál bæjarins sjálfs væru endurskipulögð, fyrst og fremst með það fyrir augum að draga úr útfararkostnaðinum. Mun kirkjugarðsstjórnin hafa haft í hyggju að annast nokkra fyrirgreiðslu í þessu sambandi, og bættist þá einn aðillinn enn við þá, sem nú starfa að þessum málum í Reykjavík. Er ekki heppilegt, að margir aðilar fáist við þessa sýslu, en skynsamlegast, að bæjaryfirvöldin taki hana algerlega að sér ásamt líkkistusmiðinni, enda hefur þetta tvennt löngum farið hér saman.

Þótt það, sem sagt hefur verið hér að framan, eigi fyrst og fremst við staðhætti í Reykjavík, mun líku máli gegna um kaupstaði utan Reykjavíkur og útfarir vera þar einnig dýrari en ástæða er til. Er því í frv. þessu gert ráð fyrir, að bæjarstjórnir utan Reykjavíkur skuli einnig taka starfsemi þessa í sínar hendur í því skyni að draga úr kostnaði við hana. Ekki er þessum bæjarstjórnnum þó lögð sú skylda á herðar að annast jafnframt líkkistusmiði, svo sem gert er, hvað snertir útfararstofnun Reykjavíkur, enda ekki víst, að slík stofnun hefði nægilegt verkefni á því sviði í fámennum kaupstöðum, þannig að verðlækkun hlytist af starfsemi hennar, svo sem orðið gæti í stærri kaupstöðum, ef smíðin öll yrði flutt á eina hendi, er unnið gæti í stórum stíl. Hins vegar gæti bæjarstjórnin eða útfararstofnunin gert samninga við tiltekin verkstæði um að taka smíðina að sér. En telji bæjarstjórn sig geta komið fram verðlækkun með því að takast þessa starfsemi á hendur, er eðlilegt, að hún geti fengið einkarétt til þess.

Vafalaust er einnig æskilegt að gera ráðstafanir til þess að draga úr útfararkostnaði í kaupsþúnum og sveitum. Þar er þó að ýmsu leyti erfiðara um vik, og er frv. þessu því eingöngu ætlað að taka til kaupstaðanna.